


Kratus ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. maí 2014
Tilvísun: UST20130800010/edk

Ákvörðun um álagningu dagsektu vegna fráviks frá starfsleyfi

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 22. apríl 2014 þar sem áformáð var að leggja dagsektir að upphæð 50.000 kr á dag á Kratus ehf. vegna fráviks frá gr. 2.14 í starfsleyfi fyrirtækisins. Frávikið snýr að geymslu og uppsöfnun saltköku (einnig nefnt gjallsandur í starfsleyfi) við ófullnægjandi aðstæður. Saltkakan er geymd óvarin og á malarplani, en í starfsleyfi segir að hana skuli geyma í vel lokaðu geymslurými. Um er að ræða spilliefni sem í snertingu við vatn getur myndað eldfim gös í hættulegu magni.

Í umræddu bréfi, dags. 22. apríl sl. var Kratus ehf. veittur frestur til 12. maí 2014 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994. Þann 12. maí sl. bárust sjónarmið rekstraraðila þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum útflutningi á saltköku í júní í stað haustmánuða, en í bréfi dags. 22. apríl sl. gerði Umhverfisstofnun athugasemd við að fyrirséð væri að uppsafnað magn saltköku færí upp fyrir það magn sem rekstraraðila væri heimilt að geyma utan lóðar ef beðið væri með útflutning til haustsins. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa nýju tímasettu áætlun frá rekstraraðila, og telur hana auka líkur á að uppsafnað magn saltköku utan lóðar haldist innan þess ramma sem skilgreindur er í starfsleyfi, þ.e. 2000 tonn.

Í sjónarmiðum rekstaraðila er einnig fjallað um það atriði sem áformáð hefur verið á leggja á dagsektir fyrir, það er, um geymslu og frágang saltköku utandyra. Í bréfinu, dags. 12. maí sl., segir að settur hafi verið upp vinnuferill hjá Kratusi sem tryggir að saltkakan sé ekki geymd undir berum himni. Saltkakan sé kæld og meðhöndluð innandyra og komið í lokaðan gám sem fluttur er í geymsluhúsnæði í Vogatungu. Þann 25. maí sl. fór fulltrúi Umhverfisstofnunar á vettvang til að afla staðfestingar á að meðferð og geymsla saltköku væri nú í samræmi við gr. 2.14 í starfsleyfi. Við skoðun kom í ljós að settir höfðu verið upp gámar ætlaðir til geymslu á saltköku en saltkakan var þó enn utandyra og geymd óvarin í nálægð við gámana. Að mati Umhverfisstofnunar hefur ekki verið bætt úr fráviki er varðar ófullnægjandi geymslu og frágang á saltköku á rekstrarsvæði Kratusar.

Umhverfisstofnun leggur dagsektir á Kratus ehf., sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998, að upphæð 50.000 kr á dag, frá og með 13. júní 2014 þangað til fullnægjandi úrbætur á fráviki frá gr. 2.14 í starfsleyfi fyrirtækisins hafa verið staðfestar við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Skv. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 883/2013, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Eva Dögg Kristjánsdóttir
Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands